



ENOR

Enor ehf. | s. 430 1800 | www.enor.is



Sveitarfélagið Skagaströnd
Endurskoðunarskýrsla 2016

Efnisyfirlit

	<i>Bls.</i>
<i>Endurskoðun ársins 2016</i>	<i>3</i>
<i>Helstu niðurstöður endurskoðunar 2016</i>	<i>4</i>
<i>Ársreikningur sveitarfélagsins</i>	<i>5 - 13</i>
<i>Reikningshaldslegt mat</i>	<i>14 - 15</i>
<i>Notkun reikningsskilaaðferða</i>	<i>16</i>
<i>Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti</i>	<i>17</i>
<i>Önnur mikilvæg atriði</i>	<i>18</i>

Endurskoðun ársins 2016

Akureyri, 19. apríl 2017

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Sveitarfélagsins Skagastrandar fyrir árið 2016. Markmið endurskoðunarinnar er að skila sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum óháðu álit á reikningsskilum sveitarfélagsins. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Í álit okkar á ársreikning sveitarfélagsins segir: Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Að endurskoðuninni komu eftirtaldir starfsmenn Enor:

Davíð Búi Halldórsson, löggiltur endurskoðandi

Níels Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi

Við þökkum stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins alla þá aðstoð sem okkur var veitt. Ef upp vakna spurningar um endurskoðunina eða niðurstöður hennar þá hvetjum við stjórn eða stjórnendur til þess að hafa samband við okkur.

Virðingarfyllt,

Enor ehf.



Davíð Búi Halldórsson

löggiltur endurskoðandi

Helstu niðurstöður

Hér á eftir eru settar fram helstu niðurstöður endurskoðunarinnar, ítarlegri umfjöllun um einstaka liði er á blaðsíðum 5 til 18 í skýrslunni.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagastrandar hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga.

Tap varð á rekstri A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði að fjárhæð kr. 6,2 millj. samanborið við kr. 18,0 millj. áætlað tap skv. fjárhagsáætlun.

Afkoma samstæðunnar var kr. 22,2 millj. betri en áætlun gerði ráð fyrir. Jákvæð frávik frá áætlun eru í Skatttekjum, Fræðslumálum, Sameiginlegum kostnaði og hjá Hafnarsjóði en helstu neikvæðu frávikin eru vegna breytingar lífeyrisskuldbindinga og í rekstri Félagslegra íbúða.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu kr. 50,9 millj. hjá samstæðu sveitarfélagsins á árinu 2016, sem er um 19,4% af skattekjum ársins 2016. Stærsta einstaka fjárfesting ársins voru endurbætur á félagsheimilinu Fellsborg að fjárhæð kr. 12,3 millj. á árinu 2016.

Verðbréfaeign og handbært fé hækkuðu samtals um kr. 31,3 millj. milli árana 2015 og 2016. Engin lántaka var á árinu en í samstæðunni nema langtímalán kr. 259,2 millj. og tilheyra þær skuldir allar Félagslegu íbúðunum.

Hækkun lífeyrisskuldbindingar sveitarfélagsins á árinu 2016 nam kr. 25,4 millj. en á móti til lækkunar koma greiðslur ársins að fjárhæð um kr. 2,8 millj.

Reikningshaldslegt mat

Við teljum að mat viðskiptakrafna í árslok 2016 sé í samræmi við reikningsskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Við teljum að eignarhlutir sveitarfélagsins séu hæfilega metnir í árslok 2016.

Notkun reikningsskilaaðferða

Það er mat okkar að sveitarfélagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og settra reikningsskilareglna. Engin veruleg frávik komu fram við þá yfirferð.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Miðað við eðli og umfang starfseminnar teljum við að eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og áhættumat sé í eðlilegum farvegi. Engin veruleg frávik eða veikleikar á innra eftirliti komu fram við yfirferð okkar vegna ársins 2016.

Mikilvægt er að innleiðing á nýju fjárhagskerfi verði vönduð og hugað að nauðsynlegri aðgreiningu starfa og innra eftirliti við innleiðinguna.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Afkoma sveitarfélagsins, A- og B hluta

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagastrandar hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga. Samstæðuársreikningur sveitarfélagsins er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, eignum og skuldum er eytt út.

Tap varð á rekstri A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði að fjárhæð kr. 6,2 millj. samanborið við kr. 18,0 millj. áætlað tap skv. fjárhagsáætlun.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð á árinu 2016 um kr. 2,0 millj. samanborið við kr. 8,3 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun. Rekstrarniðurstaða samstæðu A- og B-hluta á árinu 2016 var jákvæð um kr. 18,3 millj. samanborið við kr. 4,0 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun.

Afkoma samstæðunnar var því kr. 22,2 millj. betri en áætlun gerði ráð fyrir. Jákvæð frávik frá áætlun eru í Skatttekjum, Fræðslumálum, Sameiginlegum kostnaði og hjá Hafnarsjóði en helstu neikvæðu frávikin eru vegna breytingar lífeyrisskuldbindinga og í rekstri Félagslegra íbúða.

Hér til hliðar má sjá helstu frávik frá áætlun

Frávik frá áætlun (í þús kr.)

	Áætlun		
	Rauntölur	með viðaukum	Frávik
Skatttekjur	402.344	391.744	10.600
Félagsþjónusta	(35.558)	(33.618)	(1.940)
Fræðslumál	(212.983)	(220.500)	7.517
Æskulýðs- og íþróttamál	(40.777)	(38.697)	(2.080)
Brunamál og almannavarnir	(4.323)	(5.768)	1.445
Umferðar- og samgöngumál	(9.306)	(8.089)	(1.217)
Sameiginlegur kostn.	(39.282)	(43.333)	4.051
Breyting lífeyrisskuldbindingar	(25.406)	(11.553)	(13.853)
Eignasjóður	(8.480)	(15.103)	6.623
Aðrir liðir í A-hluta	(24.208)	(23.366)	(842)
Hafnarsjóður	19.044	2.931	16.113
Félagslegar íbúðir	(1.349)	3.332	(4.681)
Fráveita	4.897	3.858	1.039
Aðrir liðir í B-hluta	(6.302)	(5.773)	(529)
	18.312	(3.935)	22.247

Ársreikningur sveitarfélagsins

Tekjustofnar sveitarfélagsins

Útsvarstekjur sveitarfélagsins lækkuðu um kr. 6,5 millj. eða 2,7% milli árána 2015 og 2016, en í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hafði verið gert ráð fyrir um kr. 11,3 millj. hækkun í útsvarstekjum milli ára eða um 4,7%. Milli árána 2014 og 2015 höfðu útsvarstekjur hækkað nokkuð en tekjurnar á árinu 2016 eru þar á milli. Fasteignaskattar hækka um 4,1% milli ára og eru á áætlun en framlög úr jöfnunarsjóði taka nokkuð stökk upp á við rétt eins og milli árána 2014 og 2015. Eins og árið áður munar mestu um aukið framlag vegna útgjalda jöfnuðar vegna aukinna fjármuna inni í jöfnunarsjóði og aukningu á Grunnskólaframlagi.

Aðrar tekjur A-hluta lækka verulega eða um kr. 31,9 millj. eða 31,2% á milli árána 2015 og 2016 og eru einnig um kr. 12,6 millj. undir áætlun. Lækkun í þessum lið og frávik frá áætlun skýrast helst af breytingu á rekstri Málefna fatlaðra sem flytjast yfir til Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Sveitarfélagið fékk á árinu 2015 styrk úr Sóknaráætlun landshluta að fjárhæð kr. 14 millj. vegna hitaveituframkvæmda í sveitarfélaginu. Á árinu 2016 voru greiddar kr. 2 millj. til sveitarfélagsins sem styrkur frá Orkustofnun vegna hitaveituframkvæmdanna og hefur þessi liður því nokkur áhrif á samanburð milli ára.

Tekjustofnar A-hluta greinast þannig samanborið við áætlun og fyrri ár.

Tekjustofnar A-hluti (í þús. kr.)

	Áætlun með		2015	2014	2013	2012	2011
	2016	viðaukum					
Útsvar	233.620	251.400	240.065	222.176	240.735	224.339	218.165
Fasteignaskattur, lóðaleiga	28.257	28.309	27.141	26.238	24.988	23.944	22.108
Framlag úr jöfnunarsjóði	139.847	111.415	109.052	88.245	87.552	77.667	79.655
Aðrar tekjur	70.456	83.038	102.375	108.711	85.919	88.192	72.656
	472.180	474.162	478.634	445.371	439.194	414.141	392.584

Framlög úr jöfnunarsjóði (í þús. kr.)

Framlag vegna útgjalda jöfnunar	52.182	32.457	40.501
Framlag vegna grunnskóla	54.082	49.619	38.930
Framlag vegna fasteignaskatts	22.138	17.651	17.270
Önnur framlög	11.445	11.688	12.352
	139.847	111.415	109.052

Ársreikningur sveitarfélagsins

Rekstur aðalsjóðs

Útgjöld til málaflokka í aðalsjóði, önnur en fjármagnsliðir og framlag vegna lífeyrirsskuldbindinga námu kr. 465,9 millj. á árinu 2016 samanborið við kr. 486,9 millj. á árinu 2015. Lækkunin er kr. 21,0 millj. eða 4,3%. Útgjöld vegna Málefna fatlaðra lækka milli ára, en eins og fram kom hér að framan varðandi aðrar tekjur þá fluttist rekstur málaflokksins yfir til Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Nokkur lækkun varð einnig í útgjöldum vegna leikskóla en kostnaður var hár þar á árinu 2015 vegna innleiðingar Hjallastefnunnar. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um kr. 32,5 millj. á árinu 2016 samanborið við kr. 35,9 millj. á árinu 2015. Lífeyrirsskuldbinding sveitarfélagsins hækkaði milli ára og nam hækkunin kr. 25,4 millj. sem er nokkuð meiri hækkun en undanfarin ár.

Útgjöld málaflokka (í þús. kr.)


	2016	2015	2014	2013	2012
Aðalsjóður:					
Félagsþjónusta	43.222	54.290	51.156	46.373	43.368
Fræðslu- og uppeldismál	253.314	263.367	240.833	203.754	204.417
Menningarmál	19.414	18.982	17.496	12.627	14.197
Æskulýðs- og íþróttamál	48.632	47.308	42.055	40.277	42.786
Brunamál og almannavarnir	5.596	4.610	4.955	5.505	5.135
Hreinlætismál	16.388	15.908	14.876	15.336	15.632
Skipulags- og byggingarmál	1.317	669	9.711	11.426	8.409
Umferðar- og samgöngumál	10.097	9.225	14.431	15.441	12.607
Umhverfismál	5.508	5.391	6.037	3.414	4.899
Atvinnumál	15.852	18.252	16.546	12.787	11.520
Sameiginlegur kostnaður	46.592	48.934	47.970	45.290	41.367
	465.934	486.935	466.065	412.230	404.337
Fjármagnsliðir	(32.526)	(35.865)	(31.656)	(33.727)	(36.514)
Breyting lífeyrirsskuldbindinga	25.406	12.151	15.050	5.490	(4.159)
Aðalsjóður samtals	458.814	463.221	449.458	383.993	363.664

Gjaldfærð framlög vegna hitaveituframkvæmda eru tekin út við samanburðinn en þau námu kr. 2,1 millj. á árinu 2015, kr. 13,0 millj. á árinu 2014, kr. 5,4 millj. á árinu 2013 og kr. 180 millj. á árinu 2012. Kostnaðarþáttaka sveitarfélagsins í hitaveituframkvæmdum íbúa náði fram á mitt ár 2015.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Útgjöld málaflokka í aðalsjóði í hlutfalli af rekstrartekjum A-hluta

Framlög sveitarsjóðs vegna hitaveituf framkvæmda að fjárhæð kr. 2,1 millj. á árinu 2015, kr. 13,0 millj. á árinu 2014, 5,4 millj. á árinu 2013 og kr. 180 millj. á árinu 2012 hafa verið tekin út til þess að auðvelda samanburð.



Ársreikningur sveitarfélagsins

Þróun launakostnaðar

Laun og launatengd gjöld eru stærsti einstaki kostnaðarþáttur sveitarfélagsins og námu þau kr. 250,8 millj. á árinu 2016 samanborið við kr. 251,5 millj. árið 2015. Lífeyrirsskuldbinding sveitarfélagsins hækkaði milli ára og nam hækkunin kr. 25,4 millj. sem er heldur meiri hækkun en undanfarin ár.

Hjallastefnan tók við rekstri leikskóla Skagastrandar frá ársbyrjun 2015 og hefur það veruleg áhrif á samanburð á launakostnaði milli ára þar sem reikningar frá Hjallastefnunni eru færðir með öðrum rekstrarkostnaði. Á árinu 2014 voru laun og launatengd gjöld vegna leikskóla um kr. 47 millj., þau voru um kr. 6,6 millj. á árinu 2015 en engin á árinu 2016. Kostnaður vegna Hjallastefnunnar nam kr. 51,5 millj. á árinu 2016 samanborið við kr. 59,2 millj. árið 2015. Í samanburðinum hér að neðan er 80% af kostnaði vegna Hjallastefnunnar dreift á laun og launatengd gjöld og má af því draga þá ályktun að hækkun launa hjá sveitarfélaginu hafi í heild verið um 2,7% milli árunna 2015 og 2016.

Launaþróun (í þús. kr.)

Skv. rekstrarreikningi

	2016	2015	2014	2013	2012
Laun	202.447	202.620	216.486	191.054	189.985
Launatengd gjöld	48.315	48.879	52.292	45.978	45.390
Breyting á lífeyrirsskuldb	25.406	12.151	15.050	5.490	(4.159)
	<u>276.167</u>	<u>263.650</u>	<u>283.828</u>	<u>242.523</u>	<u>231.216</u>
Breyting frá fyrra ári	4,7%	-7,1%	17,0%	4,9%	-4,5%

Launaþróun (í þús. kr.)


80% af kostnaði vegna Hjallastefnu sem laun

	2016	2015	2014	2013	2012
Laun	235.405	239.226	216.486	191.054	189.985
Launatengd gjöld	56.554	57.710	52.292	45.978	45.390
Breyting á lífeyrirsskuldb	25.406	12.151	15.050	5.490	(4.159)
	<u>317.366</u>	<u>309.086</u>	<u>283.828</u>	<u>242.523</u>	<u>231.216</u>
Breyting frá fyrra ári	2,7%	8,9%	17,0%	4,9%	-4,5%

Ársreikningur sveitarfélagsins

Sjóðstreymi

Hjá A-hluta var handbært fé frá rekstri jákvætt um kr. 41,8 millj. samanborið við kr. 20,6 millj. jákvætt handbært fé frá rekstri árið 2015. Í áætlun var gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði jákvætt um kr. 17,9 millj. Hjá samstæðunni A- og B-hluta var handbært fé frá rekstri jákvætt um kr. 80,5 millj. samanborið við kr. 79,2 millj. jákvætt handbært fé frá rekstri árið 2015. Framlag sveitarfélagsins til hitaveituframkvæmda á árinu 2012 hafði veruleg áhrif á rekstur og sjóðstreymi sveitarfélagsins á árinu 2012. Hér að neðan má sjá lykilstærðir í rekstrarreikningi og sjóðstreymi, efri myndin sýnir tölur án framlaga til hitaveituframkvæmda, en sú neðri með framlögum.



Handbært fé samstæðunnar nam kr. 539,9 millj. í árslok samanborið við kr. 490,7 millj. í ársbyrjun. Auk þess nam verðbréfaeign sveitarfélagsins kr. 124,5 millj. samanborið við kr. 142,4 millj. í árslok 2015.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Efnahagsreikningur

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu kr. 50,9 millj. hjá samstæðu sveitarfélagsins á árinu 2016, sem er um 19,4% af skattekjum ársins 2016. Skv. ákvæðum 66. gr. sveitarstjórnarlaga skal framkvæmt sérstakt mat á áhrifum fjárfestingar á fjárhag sveitarfélags ef hún nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins. Engar fjárfestingar á árinu eru nálægt þessum mörkum. Stærsta einstaka fjárfesting ársins voru endurbætur á félagsheimilinu Fellsborg að fjárhæð kr. 12,3 millj. á árinu 2016.

Verðbræfaeign og handbært fé hækkuðu samtals um kr. 31,3 millj. milli árana 2015 og 2016. Engin lántaka var á árinu. Lífeyrisskuldbinding sveitarfélagsins hækkar um kr. 22,6 millj. milli ára, en að öðru leyti eru ekki miklar breytingar á efnahagsliðum hjá sveitarfélaginu. Veltufjármunir nema kr. 970,6 millj. í A-hluta og nemur veltufjárhlutfall 5,9 í árslok samanborið við 6,3 í ársbyrjun. Í samstæðunni nemur veltufjárhlutfall 15,0 en var 13,1 í ársbyrjun.

Heildarskuldir A-hluta voru kr. 320,1 millj. í árslok 2016 samanborið við kr. 279,5 millj. í árslok 2015. Langtímalán A-hluta eru öll uppgreidd en í samstæðunni nema langtímalán kr. 259,2 millj. og tilheyra þær skuldir Félagslegu íbúðunum. Eigið fé A-hluta var í árslok kr. 1.122,8 millj. og var eiginfjárhlutfallið 77,8%. Eigið fé samstæðunnar var í árslok kr. 1.242,3 millj. og eiginfjárhlutfallið 72,8%. Eiginfjárhlutfall A-hlutans lækkar áfram milli ára vegna hækkunar viðskiptastöðu aðalsjóðs við Hafnarsjóð sem heldur áfram að skila góðri afkomu. Í heild lækkar eiginfjárhlutfall samstæðunnar lítillega milli ára vegna hækkunar lífeyrisskuldbindinga sem er umfram hagnað ársins.

Skuldir sveitarsjóðs á íbúa í árslok 2016 voru kr. 968 þús. með lífeyrisskuldbindingum en kr. 645 þús. án lífeyrisskuldbindinga. Í árslok 2012 voru skuldir á íbúa kr. 893 þús. en 689 þús. án lífeyrisskuldbindinga. Skuldir á íbúa hafa því ekki breyst verulega á undanförunum árum. Eigið fé á íbúa hækkar úr kr. 2.231 þús. í árslok 2012 í kr. 2.594 þús. í árslok 2016, sem samsvarar um 16,3% hækkun á tímabilinu.

Efnahagsliðir á íbúa (í þús. kr.)	2016	2015	2014	2013	2012
Eignir	3.562	3.422	3.335	3.385	3.124
Skuldir	968	919	905	947	893
Eigið fé	2.594	2.503	2.429	2.438	2.231
Lífeyrisskuldbindingar	324	271	249	218	204
Íbúafjöldi	479	489	490	496	508

Ársreikningur sveitarfélagsins

B-hluta fyrirtæki

Hafnarsjóður

Hagnaður ársins nam kr. 19,0 millj. samanborið við kr. 27,3 millj. hagnað árið 2015. Tekjur lækka um kr. 8,9 millj. milli ára sem samsvarar um 14% lækkun. Árið áður höfðu tekjur hafnarsjóðs hinsvegar hækkað verulega eða um 36% milli áranna 2014 og 2015. Sveiflurnar hafa því verið töluverðar í tekjum hafnarsjóðs og hafa þær verið að koma að mestu fram í gegnum aflgjöldin. Rekstrargjöld hafnarsjóðs lækka milli ára vegna lækkunar í skrifstofukostnaði.

Fjárfestingar í Hafnarsjóði voru óverulegar á árinu og námu aðeins kr. 813 þús. Framkvæmdin er styrkhæf og nam framlag ríkisins kr. 610 þús. á árinu 2016.

Staða Hafnarsjóðs er góð og var eiginfjárhlutfall sjóðsins 98,8% í árslok 2016. Hafnarsjóður á í árslok 2016 kröfu á sveitarsjóð að fjárhæð kr. 127,4 millj.

Félagslegar íbúðir

Tap var á rekstri Félagslegara íbúða á árinu að fjárhæð kr. 1,3 millj. samanborið við kr. 5,3 millj. hagnað árið 2015. Leigutekjur lækka um tæpar kr. 2 millj. milli ára og kostnaður við rekstur fasteigna hækkar um kr. 3 millj. milli ára. Ein íbúð var seld á árinu og var lagt út í kostnað við að koma henni í betra stand vegna sölnunnar. Sveitarfélagið lenti einnig í tjóni með aðra íbúð og var farið í frekara viðhald á henni en þessi tvö atriði skýra að mestu lækkun á tekjum og hækkun á kostnaði milli ára.

Eins og fram kemur hér að framan var ein íbúð seld á árinu og voru 29 íbúðir í rekstri hjá Félagslegum íbúðum í árslok 2016. Bókfært verð þessara 29 íbúða var kr. 275,8 millj. í árslok 2016 eða um kr. 9,5 millj. að meðaltali á hverja íbúð.

Áhvílandi lán á íbúðunum nema samtals kr. 270,2 millj. í árslok 2016 en lánin eru einu langtímaskuldir samstæðunnar við þriðja aðila í árslok 2016.

Ársreikningur sveitarfélagsins

B-hluta fyrirtæki

Félagsheimilið Fellsborg

Tap ársins nam kr. 9,0 millj. samanborið við kr. 9,8 millj. tap árið 2015. Tekjur voru kr. 3,6 millj. og hækka líttilega milli ára. Rekstrargjöld félagsheimilisins lækka líttilega milli ára vegna lækkunar á viðhaldskostnaði.

Fjárfestingar ársins námu kr. 12,3 millj. en búið er að fjárfesta í húsnæðinu og búnaði fyrir um 72 millj. á síðustu fimm árum. Afskriftir hafa því hækkað nokkuð og eru þær einar og sér nú vel yfir heildartekjum málaflokksins.

Eigið fé félagsheimilisins var í árslok 2016 neikvætt um kr. 50,4 millj. og er uppsöfnuð skuld við sveitarsjóð komin í kr. 144,4 millj. Við ítrekum fyrri ábendingar okkar um að skoða þurfi hvernig hægt sé að ná fram auknum tekjum af eigninni og draga úr uppsöfnun á tapi í málaflokknum.

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat viðskiptakrafna

Mat viðskiptakrafna sveitarfélagsins var yfirfarið með sveitastjóra.

Niðurfærsla viðskiptakrafna í árslok 2016 hjá A-hluta nam kr. 5,0 millj. sem er 10,6% af útistandandi kröfum, samanborið við kr. 5,4 millj. og 9,1% í ársbyrjun. Niðurfærsla hjá A og B-hluta nam kr. 6,2 millj. samanborið við kr. 6,4 millj. í ársbyrjun.

Sértæk niðurfærsla hefur verið færð þar sem verulegur vafi þykir á innheimtu en auk þess er almenn niðurfærsla tekin á kröfum sem ekki voru niðurfærðar sértækt.

Niðurstaða

Við teljum að mat viðskiptakrafna í árslok 2016 sé í samræmi við reikningskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Viðskiptakröfur - A hluti (í þús. kr.)	2016	2015
Viðskiptakröfur	48.079	59.204
Niðurfærsla krafna	(4.950)	(5.364)
Viðskiptakröfur nettó	43.129	53.840
Niðurfærsla í %	10,3%	9,1%
Viðskiptakröfur - A- og B hluti (í þús. kr.)	2015	2015
Viðskiptakröfur	58.685	66.674
Niðurfærsla krafna	(6.210)	(6.362)
Viðskiptakröfur nettó	52.475	60.312
Niðurfærsla í %	10,6%	9,5%

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat eignarhluta í félögum

Mat á eignarhlutum sveitarfélagsins var yfirfarið.

Bókfært verð eignarhluta í félögum hjá sveitarfélaginu var kr. 39,8 millj. í árslok. Eignarhlutur í Tækifæri hf. var seldur á árinu, söluverðið var kr. 960 þús. Að öðru leyti eru óverulegar breytingar á eignarhlutum sveitarfélagsins á árinu engin breyting gerð á niðurfærslu eignarhluta.

Hér til hliðar má sjá sundurliðun á bókfærðu verði eignarhluta.

Niðurstaða

Við teljum að eignarhlutir sveitarfélagsins séu hæfilega metnir í árslok 2016.

Eignarhlutir í félögum (í þús. kr.)	Bókfært verð	
	31.12 2016	31.12 2015
Ámundakinn ehf	1.250	1.250
Hólanes ehf	5.000	5.000
Nes Listamiðstöð ehf	9.000	9.000
Snorraberg ehf	5.408	5.408
Tækifæri ehf	0	1.000
Sjávarlíftækniþrið BioPol ehf	7.000	7.000
Lánasjóður Sveitarfélaga ohf	25.957	25.957
Aðrir sjóðir	1.729	1.654
Niðurfærsla eignarhluta	(15.500)	(15.500)
	<u>39.844</u>	<u>40.769</u>

Notkun reikningsskilaaðferða

Lóðir og lendum

Samkvæmt álitni frá reikningsskilanevnd sveitarfélaga skulu sveitarfélög meta lóðir og lendum sem þau hafa leigutekjur af og færa til eignar í efnahagsreikningi Eignasjóðs. Lóðir og lendum eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendum eru endurmetnar með reglubundnum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Í árslok 2016 standa eignfærðar lóðir og lendum í kr. 118,3 millj. sem er sama fjárhæð og í ársbyrjun. Mat á lóðum og lendum er byggt á uppreikningi lóðaleigutekna. Lítil breyting varð á lóðaleigutekjum milli álagningar 2016 og 2017 og er því ekki færð nein matsbreyting á lóðir og lendum á árinu 2016.

Lífeyrisskuldbinding

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Skuldbindingin felur í sér áætlaðan hlut sveitarfélagsins í lífeyrisskuldbindingu starfsmanna Sveitarfélagsins Skagastrandar í B-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, annara en grunnskólakennara. Hlutur sveitarfélagsins er áætlaður 53%. Hækkun lífeyrisskuldbindingarinnar á árinu 2016 nam kr. 25,4 millj. en á móti til lækkunar koma greiðslur ársins að fjárhæð um kr. 2,8 millj.

Mat á notkun reikningsskilaaðferða

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og annarra laga og reglna sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga. Engin veruleg frávik komu fram við þá yfirferð.

Það er mat okkar að sveitarfélagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og aðrar settar reikningsskilareglur.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Eftirlitsumhverfi og innra eftirlit

Farið var yfir eftirlitsumhverfið og lykilþætti í innra eftirliti. Viðhorf stjórnenda til innra eftirlits er að okkar mati jákvætt.

Aðgreining starfa

Aðgreining starfa er takmörkuð sökum fjölda starfsfólks á skrifstofu en stjórnendur sveitarfélagsins eru að okkar mati vel meðvitaðir um þennan veikleika. Mikilvægt er að aðrar eftirlitsaðgerðir komi til móts við þá veikleika sem felast í takmarkaðri aðgreiningu starfa.

Sveitarstjóri hefur tekið saman yfirlit yfir innra eftirlit hjá sveitarfélaginu sem sýnir vel hvar ábyrgð liggur í tengslum við reikningagerð og eins í tengslum við samþykkt kostnaðarreikninga. Yfirlitið er að okkar mati góður grunnur til þess að byggja á og nýtist okkur í yfirferð okkar á tekjum og kostnaði sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið tók upp nýtt fjárhagskerfi í upphafi árs 2017 og hafa starfsmenn verið undanfarna mánuði að koma sér inn í nýtt umhverfi samhliða því að loka árinu 2016 í gamla kerfinu. Mikilvægt er að innleiðing á nýja kerfinu verði vönduð og að hugað sé að nauðsynlegri aðgreiningu starfa og þeim eftirlitsaðgerðum sem hægt er að nýta í kerfinu.

Lykilþættir í eftirlitsumhverfi	Mat á eftirlitsumhverfi
<ul style="list-style-type: none">ÁhættumatViðhorf stjórnenda til innra eftirlits og stjórnunarstíllUpplýsingar og samskiptiStjórnendaeftirlitEftirlitsaðgerðir	Miðað við eðli og umfang starfseminnar þá teljum við að eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og áhættumat sé í eðlilegum farvegi.

Aðfangafæri

Farið var yfir samþykktarferli á rekstrarkostnaði sveitarfélagsins. Tekið var úrtak úr hreyfingum á gjaldalykla og athugað hvort reikningar og önnur fylgiskjöl væru samþykkt af réttum aðila og hvort skráning væri í lagi. Óveruleg frávik komu fram við yfirferðina og teljum við að samþykktarferlið sé virkt.

Mikilvægt er að samþykkt reikninga í nýja bókhaldskerfinu komist í fulla virkni sem fyrst þar sem samþykkt kostnaðarreikninga er lykileftirlitsaðgerð í bókhaldi sveitarfélagsins.

Launafæri

Farið var yfir grunn gögn vegna launavinnslu fyrir valin launátímabil innan ársins og skoðað hvort samþykkt væri til staðar fyrir unnum tímum, öðrum greiðslum og launabreytingum. Engin sérstök frávik komu fram við yfirferðina.

Önnur mikilvæg atriði

Samkvæmni við lög og reglur

Við höfum yfirfarið helstu lög og reglur sem gilda um starfsemina og lagt mat á það hvort uppgjör sveitarfélagsins væri í samræmi við reglurnar.

Við höfum við endurskoðun okkar ekki komið auga á nein frávik eða brot á lögum og reglum sem gilda um uppgjör eða starfsemi sveitarfélagsins.

Staðfesting á óhæði

Við staðfestum hér með óhæði okkar gagnvart sveitarfélaginu. Okkur er ekki kunnugt um nein tengsl á milli Enor eða starfsmanna Enor og Sveitarfélagsins Skagastrandar sem að okkar faglega mati gætu skert óhæði okkar sem endurskoðenda sveitarfélagsins.

Mismunir og skekkjur

Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.